

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 289

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

**Dagsetning og tími:** 15. janúar 2020 kl. 14:30.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG og fulltrúar sveitarfélaga með aðild að SOS, Árni Eiríksson Flóahreppi, Eydís Indriðadóttir Flóahreppi, Ásta B. Ólafsdóttir Ásahreppi, Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Ásta Stefánsdóttir Bláskógabyggð, Helgi Kjartansson Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Björgvin Skafti Bjarnason Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Ágúst Sigurðsson Rangárþingi ytra og Elliði Vignisson Ölfusi.

### 1. Upplýsingafundur SOS með aðildarsveitarfélögum.

Stefán Gíslason kynnti stöðuna í móttöku blandaðs úrgangs í Fíflholtum og Stekkjavík. Áfram er hægt að senda dýrahæ í Fíflholt, og e.t.v. Stekkjarvík, í takmarkaðan tíma. Unnið er að umverfismati vegna hræbrennslu á Strond og verið að skoða möguleika á að kaupa ofn sem fyrst.

Einnig ræddi Stefán vandkvæði vegna móttöku á grófum úrgangi.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaganna gerðu grein fyrir stöðunni hjá sér gagnvart skammtímasamningum um móttöku úrgangs. Þau mál hafa verið leyst að sinni.

### 2. Umræður um hugsanlegar fyrirætlanir sveitarfélaga innan SOS

Umræður urðu á fundinum um þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi samræmingu á tilhögun flokkunar og móttöku úrgangs.

Formanni var falið að kanna grundvöll fyrir rammasamningsútboði þar sem boðin væri út móttaka úrgangs í aðgreindum úrgangsflokkum.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 14:30 þann 18. febrúar næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 15:50